

FUNDARGERÐ

Fimmti fundur samstarfshóps um endurskoðun stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið Surtsey haldinn í fjarfundi á Teams þriðjudaginn 19. nóvember 2024 kl. 10:00.

Mættir:

Ingibjörg Marta Bjarnadaóttir, Umhverfisstofnun
Olga Kolbrún Vilmundardóttir, Náttúrufræðistofnun
Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir, Surtseyjarfélagið
Svanhildur Egilsdóttir, Hafrannsóknarstofnun
Ragnheiður Björk Sigurðardóttir, Umhverfisstofnun
Lilja Gunnarsdóttir, Hafrannsóknarstofnun
Halla Svavarsdóttir, Vestmannaeyjabær
Ólafur Einar Lárusson, Vestmannaeyjabær, forfallaðist

Dagskrá fundar:

- Fara yfir drög að öðrum hluta áætlunarinnar og sérreglur
- Annað

Efni fundar:

Farið var yfir hrágögn um umferð skipa um friðlandið. Ákveðið að fá frekari greiningu á gögnunum til að fá skýrari mynd á umferðinni í friðlandinu.

Umhverfisstofnun hefur óskað eftir skilgreiningu á hugtakinu *sigling* frá lögfræðingi Innviðaráðuneytis. Svar hefur ekki borist.

Rætt var um stöðu og þörf á takmörkun umferðar í lofti yfir friðlandinu. Ákveðið var að óska eftir gögnum og kynningu frá Samgöngustofu á næsta samstarfshópsfund.

Rætt var um að í umsókn um fararleyfi til Surtseyjar þurfi að tiltaka þann búnað sem aðrir en vísindamenn fara með, upp á pláss í þylu og báti til eyunnar.

Rætt var um útfærslu á banni við notkun dróna og undanþáguákvæði.

Næstu skref

Umhverfisstofnun óskar eftir upplýsingum og kynningu á umferð á lofti, s.s. flugreglum og skráningu flugs í friðlandinu fyrir næsta fund.

Samstarfshópurinn fer yfir drög að áætluninni sem hann fékk send fyrir fundinn.

Næsti fundur samstarfshóps verður boðaður þriðjudaginn 10. desember kl. 13:00.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl. 11:15.